

30. fundur í háskólaráði Lbhí haldinn á Hvanneyri 19. Janúar 2012. Mættir: Stefán Logi Haraldsson, Jón Torfi Jónasson, Emma Eyþórsdóttir, Orri Páll Jóhannsson, Þórhallur Bjarnason, Haraldur Benediktsson, Álfheiður Sverrisdóttir, Ágúst Sigurðsson rektor, og Þorvaldur T. Jónsson sem ritar fundargerð. Ásmundur Einar Daðason boðaði forföll.

1. Fundargerð síðasta fundar. Helstu efnisatriði reifuð stuttlega og fundargerðin samþykkt einróma.
2. Þróun mála frá síðasta fundi. ÁS reifaði nokkur atriði úr starfi skólans frá síðasta fundi og kom þetta m.a. fram:
 - Breytingar eru framundan á starfsemi Lbhí á Möðruvöllum með því að kúabúskapur verður lagður þar af. Stefnt er að því að nýta fjármunina sem liggja í búrekstrinum m.a. til uppbyggingar orkuseturs Lbhí og Bændasamtakanna.
 - Nova umsýsla og stjórnun hefur flust frá Lbhí til Helsinkiháskóla.
 - Samstarfsnet opinberu háskólanna, í haust var skrifað undir samning um gagnkvæman aðgang nemenda. Í haust var einnig úthlutað hvatastyrkjum til að reka sameiginleg námskeið og finna hagkvæmar lausnir við kennslu.
 - Breytingar eru fyrirhugaðar á fræðapingi landbúnaðarins.
3. Hagþjónusta Landbúnaðarins. ÁS gerði grein fyrir samningi Lbhí og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins sem tók gildi um áramót og kveður á um að Lbhí annist útgáfu hagtalna og önnur verkefni á sviði hagfræði sem Hagþjónusta Landbúnaðarins hafði áður með höndum.
4. Fjármál. ÞTJ lagði fram og kynnti rekstraráætlun Lbhí 2012. Velta er áætluð kr. 1.073,2 mkr., þar af er launakostnaður áætlaður 660,9 mkr. og annar kostnaður 412,3 mkr. Útgreidd fjárveiting á fjárlögum til skólans nemur kr. 565,4 mkr, sértekjur eru áætlaðar 511,4 mkr. og rekstrarafgangur 3,5 mkr. Áætlunin var samþykkt einróma.
5. Doktorsnám. Á fundinn komu Áslaug Helgadóttir aðstoðarrektor rannsóknamála og Björn Þorsteinsson aðstoðarrektor kennslumála. Þau kynntu drög að reglum um doktorsnám. Er þar einkum byggt á reglum HÍ og m.a. tekið mið af samningi Lbhí við miðstöð framhaldsnáms innan HÍ. Reglurnar samþykktar samhljóða.
6. Gæðaúttektir. BÞ og ÁH gerðu grein fyrir fyrirhugaðri vinnu við gæðaúttekt samkvæmt reglum um gæðamál háskóla sem fara skal fram í tilteknu ferli allt til ársins 2014 – 2015. Ljóst er að gæðaúttektinni fylgir mikil vinna sem bætist ofan á núverandi vinnuálag í háskólunum. Eftirfarandi ályktun var samþykkt: „*Háskólaráð leggur til að Lbhí leiti eftir samstarfi við aðra háskóla háskólanetsins um undirbúning og framkvæmd gæðaúttekta með það að markmiði að lágmarka heildarfyrirhöfn og kostnað. Til dæmis mætti hugsa sér að skólarnir nýttu sameiginlegan starfskraft við skýrslugerð, upplýsingaöflun, sérfræðiþjónustu eða aðra verkþætti.*“
7. Nýráðningar og framgangur. ÁH gerði grein fyrir nýjum reglum um framgang og hæfi akademískra starfsmanna sem munu verða sameiginlegar fyrir háskóla í háskólanetinu. Fram kom í umræðum að mikilvægt væri að gefa aðlögunartíma fyrir þessar breytingar. Einnig þarf að gæta þess að reglurnar komi ekki í veg fyrir æskilega fjölbreytni í starfsmannahópnum. Háskólaráð samþykkti að málið verði unnið áfram.

8. Önnur mál. Ítrekaðar voru fyrri óskir um að upplýsingar um viðburði o.fl. sem auglýst er meðal starfsmanna berist einnig háskólaráðsfulltrúum.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Stefnt að næsta fundi 29. mars á Keldnaholti.